

„Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum, 165. mál

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 18. nóvember nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis."

Umsögn:

Margt er gott í tillögu 165.

Sérstaklega vil ég leggja áherslu á, að mál er til komið, að farið sé að nota Istanbulsáttmálann sem grundvöll við lagabreytingar, sem beint er gegn ofbeldi. Hann er nefndur til grundvallar tillögunni og er það vel.

Það er alltaf þörf á fræðslu og forvörnum. Það er sömuleiðis alltaf nauðsynlegt, að fræðsla og forvarnir séu mjög markvissar hnitmiðaðar. Það þarf alltaf að vera ákaflega afmarkað, hverjir eigi að fræða, hverja skuli fræða og um hvað skuli fræða. Séu fyrirmæli um fræðslu/forvarnir ekki markviss, er nokkuð víst, að fræðslan og forvarnirnar missi marks. Reynslan hefur sýnt fram á, að forvarnir eru árangursríksatar sé markhópurinn börn og unglingar á skólaskyldualdri.

Full þörf er á fræðslu/forvörnum um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum. Í tillögunna vantar ákvæði um, að byrja þarf á að berjast virkt gegn klámvæðingu þeirri, sem hefur undanfarin 50 til 60 ár skapað/aukið hið óþolandi ástand, sem er varðandi ofbeldi, þeirri afmörkuðu tegund ofbeldis, sem tillögunni er ætlað að vinna bug á. Þar er grundvallarnauðsyn á að byrja. Á ruv 07.11. 2019, var upplýst, að ung börn horfa á klám til að „læra“ að stunda kynlíf. Sagt var að drengir tækju jafnan kverkatak á stúlkum við samfarir, sem vissulega er gróft ogbeldi.

Hafandi unnið að málefnum ofbeldisþola á faglegum grunni um langa ævi, met ég það svo, að tillaga eins og 165 þurfi breytinga við og hún sé vart tilbúin til umfjöllunar á þingi. Ég vil aftur taka

það fram og leggja mikla áherslu á að mjög gott er, að
Istanbúlsamningurinn skuli dregin fram í dagsljósið og notaður
sem rök fyrir brýnum nauðsynlegum breytingum, enda er
Istanbúlsamningurinn skuldbindandi.

Þórey Guðm.
Félagsrgj.,
handleiðari,
fv. sáttamaður sýslumanna,
prestur.